Í þessu skjali er eingöngu að finna tölfræði af Vesturlandi setta fram á myndrænan hátt. Hér er efni sem orðið hefur til í ýmissi vinnu hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Sumt er nýtt en annað eldra en flestar myndirnar lýsa ákveðinni þróun yfir nokkuð langan tíma. Skjalið er í stöðugri endurnýjun. Síðast uppfært 5. febrúar 2025.

# Tölfræði um Vesturland

## Íbúar, fyrirtæki, vinnumarkaður og fasteignamarkaður og fleira

SSV
þróun og ráðgjöf

Vífill Karlsson

# Efnisyfirlit

1 Landsvæði ..... 3
1.1 Stutt saga landsvæða Vesturlands ..... 4
1.1.1 Akranessvæði ..... 4
1.1.2 Borgarfjarðarsvæði ..... 4
1.1.3 Snæfellsnes ..... 5
1.1.4 Dalir ..... 6
2 Aðferðir ..... 7
2.1 Fjárhagsþol ..... 7
3 Fjárhagur sveitarfélaga ..... 10
3.1 Kostnaður eftir málaflokkum gagnvart samanburðarsveitarfélögum ..... 10
3.2 Lykil-afkomuþættir sveitarfélaga gagnvart samanburðarsveitarfélögum ..... 14
3.3 Þróun Lykil-afkomuþátta sveitarfélaga ..... 19
3.4 Veltufé frá rekstri meðal sveitarfélaga á Vesturlandi ..... 20
3.5 Skuldir og skuldbindingar A-hluta sveitarfélaga á Vesturlandi ..... 20
4 Lýðfræði ..... 21
4.1 Mannfjöldi ..... 21
4.2 Meðalaldur ..... 23
4.3 Unga fólkið ..... 25
4.4 Börn ..... 26
4.5 Eldri borgarar ..... 27
4.6 Aldursdreifing – aldurstré ..... 29
4.7 Kynjahlutfall ..... 34
4.8 Innflytjendur ..... 36
4.9 Þjóðerni ..... 42
5 Búferlaflutninga ..... 44
5.1 Flutningsjöfnuður Vesturlands ..... 44
5.2 Flutningsjöfnuður sveitarfélaga á Vesturlandi ..... 49
6 Fasteignamarkaður ..... 55
6.1 Íbúðaverð, fjölbýli ..... 55
6.2 Íbúðaverð, sérbýli ..... 56
6.3 Fjöldi seldra íbúða, sérbýli og fjölbýli ..... 57
7 Vinnumarkaður ..... 58
7.1 Atvinnutekjur ..... 58

7.2 Ríkisstörf ... 58
7.4 Atvinnuleysi ... 60
7.4.1 Atvinnuleysi innflytjenda ... 63
7.5 Menntun ... 64
8 Búsetuskilyrði almennt ... 66
9 Atvinnulíf ... 67
9.1 Sjávarútvegur ... 70
9.2 Landbúnaður ... 75
9.3 Ferðaþjónusta ... 76
10 Samgöngur ... 78
10.1 Umferð og vegakerfi ... 78
10.2 Slysatíðni á vegum ... 80
10.3 Vegalengdir ... 81
11 Víðfeðmi ... 82
12 Eldra efni ... 84
12.1 Fjárhagur sveitarfélaga ... 84
13 Heimildaskrá ... 89

# 1 Landsvæði

Vesturland nær frá Hvalfjarðarbotni í suðri til Gilsfjarðarbotni í norðri. Þá markar Holtvörðu- og Arnarvatnsheiði líka mörkin í norðri og austri (Mynd 1).



**Mynd 1: Vesturland.**
Mynd Sambands íslenskra sveitarfélaga

Almennt hefur Vesturlandi verið skipt upp í fjögur mismunandi svæði (Mynd 2). Skiptingin tekur mið af vinnumarkaði, atvinnugreinasamsetningu, fjarlægðum og legu landsins.



**Mynd 2: Landsvæði Vesturlands.**
Mynd Landmælinga Íslands

## 1.1 Stutt saga landsvæða Vesturlands

### 1.1.1 Akranessvæði

Akranes varð löggiltur verslunarstaður 1864 og fékk kaupstaðarréttindi árið 1942. Á Akranesi bjuggu 747 íbúar árið 1901, en þegar bærinn fékk kaupstaðarréttindi hafði fjöldinn vaxið upp í 1.929. Rúmum sextíu árum síðar, í desember 2004, voru Akurnesingar 5.657 talsins. Akurnesingar telja sjálfir að uppbyggingu þéttbýlisins megi rekja til 16. aldar.

Umsvifamesta útgerðarfyrirtæki á Akranesi, Haraldur Böðvarsson var stofnað 1906. Árið 2004 keypti Grandi hf. starfsemi þess en einhver starfsemi er ennþá í gangi á Akranesi þó svo dregið hafi verulega úr landvinnslu.

Þá hefur skipasmíðastöðin Þorgeir & Ellert og dótturfélög hennar starfað frá 1928. Sements-verksmiðja ríkisins var byggð 1958 og Íslenska járnblendifélagið hf. hóf byggingarframkvæmdir á Grundartanga árið 1977. Ráðist var í byggingu tveggja ofna í fyrsta áfanga, fyrri ofninn var tekinn í notkun árið 1979 og síðari ofninn árið 1980. Þriðji ofninn var síðan tekinn í notkun haustið 1999 (Íslenska Járnblendifélagið hf., 2004). Hjá járnblendifélaginu vinna liðlega 100 starfsmenn, en auk þess eru þrjú dótturfyrirtæki rekin í tengslum við fyrirtækið og vinna þar á milli 70 og 80 manns. Um það bil 80% starfsmanna járnblendifélagsins eru Vestlendingar. Norðurál hf. á Grundartanga hóf starfsemi sína í júní byrjun 1998. Fyrirtækið afkastaði fyrst 60.000 tonnum af áli á ári en afkastar nú 278.000 tonnum. Nú vinna um 500 starfsmenn í Norðuráli. Þar af voru um 80% þeirra búsettir á Akranesi, í sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar, í Borgarnesi og í uppsveitum Borgarfjarðar. Um 20% búa sunnan Hvalfjarðar. Stefna fyrirtækisins er að ráða starfsmenn sem eru búsettir á Vesturlandi.

Sjúkrahús Vesturlands var stofnað um miðja 20. öldina og eru starfsmenn þar nú 240 talsins. Þá var samningur gerður á milli Menntamálaráðuneytisins og Akraneskaupstaðar um stofnun fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi árið 1977. Tólfta september sama ár var skólinn settur og stunduðu 180 nemendur nám þar. Tuttugu árum seinna voru nemendurnir orðnir 1.800 (FVA, 2004).

Í hreppunum sunnan Skarðsheiðar var lengi stundaður hefðbundinn landbúnaður sem dregist hefur saman á undanförnum áratugum líkt og landbúnaður á landinu öllu.

### 1.1.2 Borgarfjarðarsvæði

Myndun þéttbýlis í Borgarnesi á upptök sín að rekja til verslunar og tilrauna til útflutnings á laxaafurðum á seinni hluta 19 aldar. Borgarnes þróaðist í hægum skrefum fram að seinni heimstyrjöldinni. Um aldamótin, árið 1901, voru íbúar í Borgarnesi 50 talsins. Árið 1940 var fjöldi íbúanna kominn upp í 629.

Á áttunda áratugnum var mikill uppgangstími í landbúnaði sem hófst reyndar á árunum strax eftir síðari heimstyrjöldina. Þá var sláturhús í Brákarey stækkað mikið og byggt stórt mjólkursamlag í Borgarnesi. Uppganginn á áttunda áratugnum má sjá af því að íbúum fjölgaði um 40% frá 1970 til 1980, árið 1970 voru þeir 1.157 en árið 1980 voru þeir 1.619. Árið 1981 var Borgarfjarðarbrúin opnuð fyrir umferð. Framkvæmdir við hana hófust árið 1975. Um svipað leyti hófust framkvæmdir við Hitaveitu Akraness og Borgarness. Á þessum tíma var mikið af húsnæði byggt í Borgarnesi. Fyrir utan landbúnað og þjónustu við hann voru starfræktir fimm framhaldsskólar í Borgarfirði á þessum tíma, á Bifröst, Varmalandi, Reykholti, Borgarnesi og Hvanneyri. Í dag eru aðeins tveir þeirra starfræktir að

hluta til, en tveir háskólar hafa bæst við. Frá miðjum níunda áratugnum fjaraði hratt undan skólarekstri Húsmæðraskólans að Varmalandi og Héraðsskólans í Reykholti. Þó að héraðsskóli teljist hafa verið starfræktur í Reykholti á tímabilinu 1931 til 1997 (Heimskringla, 2004) var starfsemi hans aðeins svipur hjá sjón á tíunda áratugnum. Árið 1995 var mjólkursamlaginu í Borgarbyggð lokað. Árið 1988 var Samvinnuskólinn fluttur upp á háskólastig og var nemendafjöldi nokkuð stöðugur í kringum 90 og starfsmenn um 15 nánast allan tíunda áratuginn en tók miklum breytingum við aldamótin og hélst nánast óslitið fram að bankahruni. Þennan tíma var stöðug uppbygging á aðstöðu, einkum nemendagarða og kennarabústaða. Við bankahrunið fækkaði nemendum að Bifröst. Skólastarf á Hvanneyri óx hægar á árunum fyrir bankahrun en tók vaxtakipp eftir bankahrun. Þessu var fylgt eftir með uppbyggingu á aðstöðu.

### 1.1.3 Snæfellsnes

Snæfellsbær varð til úr sameiningu nokkurra sveitarfélaga á utanverðu Snæfellsnesi. Kjölfesta atvinnulífsins í Snæfellsbæ eru veiðar og vinnsla sjávarfangs eins og annars staðar á Snæfellsnesi. Þó má segja að löngum hafi verið lögð talsverð áhersla á bolfiskvinnslu utarlega á nesinu en eftir því sem innar dró hafi áherslan aukist á veiðar og vinnslu á skelfisk. En skelfiskmiðin hrundu um aldamótin síðustu og árið 2002 voru veiðar bannaðar.

Grundarfjarðarbær er yngsta þéttbýli á Snæfellsnesi. Upp úr miðri 20. öld færðist mikill kraftur í uppbyggingu bæjarins. Árið 1950 voru íbúar þar 219 talsins, en tuttugu árum síðar var íbúafjöldinn kominn upp í 599. Árið 1990 voru íbúarnir 723 talsins, 952 árið 2000 en árið 2004 hafði þeim fækkað, og voru þá 940. Burðarásar atvinnulífsins hafa að öðrum ólöstuðum verið Guðmundur Runólfsson og Soffanías Cecilsson sem báðir hafa stundað blandaða útgerð. Í Grundarfirði var mest unnið úr 13.200 tonnum árið 1983 en árið 2002 var unnið úr um 8.500 tonnum. All nokkur skelfiskvinnsla var í Grundarfirði en liggur nú niðri.

Í Stykkishólmi hefur verslun verið stunduð frá fornu fari. Þar ráku danskir kaupmenn verslun lengi vel. Um þar síðustu aldamót, árið 1901, voru íbúar þar 363. Árið 1950 voru þeir orðnir 843 og um nýliðin aldamót, árið 2000, voru íbúarnir 1.229. Árið 2004 hafði íbúunum fækkað og töldust 1.140.Í Stykkishólmi hefur Sigurður Ágústsson verið umsvifamikill í sjávarútvegi. Starfsemi þess fyrirtækis má rekja til ársins 1933 þegar Sigurður Ágústsson keypti þrotabú Tangs og Riis, síðustu leifar danskrar selstöðuverslunar á Íslandi. Þórsnes er annað stórt fiskverkunarfyrirtæki þar. Sjúkrahús var byggt í Stykkishólmi 1934. Sjúkrahúsið hefur alla jafna verið fjölmennasti vinnustaður Stykkishólms. Þar var einnig rekinn iðnskóli um skeið og er hann talinn hafa eflt uppbyggingu smáiðnaðar þar. Skipavík er skipasmíðastöð sem rekin hefur verið í marga áratugi í Stykkishólmi. Í Stykkishólmi var mest unnið úr rétt rúmlega 14.000 tonnum af hráefni úr sjó árið 1983. Síðan hefur þetta minnkað nokkuð jafnt og þétt og árið 2002 var unnið úr tæplega 6.700 tonnum. Það ár komu rúmlega 7.500 tonn að landi í Stykkishólmshöfn. [363 íbúar 1901, 843 íbúar 1950, 1209 íbúar 1990.]

Á sunnanverðu Snæfellsnesi er hefðbundinn landbúnaður stærsta atvinnugreinin. Þar er ekki mikil útgerð eða fiskiðnaður, þó einna helst á Arnarstapa. Í Kolbeinsstaða, Eyja- og Miklaholtshreppi var lengi stundaður hefðbundinn landbúnaður sem hefur dregist saman á undanförnum áratugum líkt og annars staðar á landinu. Á norðanverðu Snæfellsnesi er ekki mikill landbúnaður, helst í Helgafellssveit.

### 1.1.4 Dalir

Búðardalur er þéttbýli Dalanna og er ungt í þeim skilningi að það byggðist upp á 20. öld. Íbúar voru 44 árið 1930, 99 árið 1960, 202 árið 1970 og 292 árið 1990. Búðardalur byggðist fyrst upp sem þjónustukjarni við landbúnað en í dag er einnig farið að bera allnokkuð á ferðaþjónustu. Í frumvinnslugreinum sem reknar hafa verið þar má helst nefna mjólkurbú og sláturhús. Stærsta fyrirtækið og þar með stærsti vinnuveitandi staðarins er Mjólkurstöðin, en þar hefur tekist vel til með framleiðslu á margs konar vörum, sérstaklega ostum sem fara til dreifingar á landsvísu. Verslun hefur verið rekin um langt árabil í Búðardal. Miðað við stærð samfélags verður að telja þjónustu í Búðardal mjög fjölþætta, fjölþættari en á mörgum stöðum sambærilegrar stærðar hér á landi. Grunngerð er öflug, þ.e. skóli, heilsugæslustöð sem rekin er í samvinnu við Reykhólasveit, hitaveita o.fl. mætti til telja. Nýleg smábátahöfn er í Búðardal og með nýjum vegi yfir Bröttubrekku sem tekin var í notkun árið 2003 opnast bæði ný tækifæri og af honum stafa jafnframt ógnanir en búast má við að eitthvað af þeirri þjónustu sem starfrækt hefur verið á staðnum leggist af og er það sambærilegt við það sem gerist annars staðar við slíkar aðstæður.

# 2 Aðferðir

Í þessum hagvísi er lýsandi greiningum aðallega beitt og gengur það út á að draga fram þróun lykilstærða og hvernig þær þróast í tíma og jafnvel í samanburði við önnur sveitarfélög og er því einskonar benchmark greining. Ein útfærsla þessarar aðferðar er að finna í kaflanum um fjárhag sveitarfélaga, kallað fjárhagsþolslíkan hér, og verður henni lýst nú.

## 2.1 Fjárhagsþol

Haustið 2017 hófst þróun á einföldu líkani, hjá SSV, sem næði utan um fjárhagsþol sveitarfélaga sem byggði á átta þáttum þegar reiknuð var frávikskennitala fyrir hvern þeirra. Það voru:

1. Skatttekjur (A-hluta)
2. Laun (A-hluta)
3. Veltufé frá rekstri (A-hluta)
4. Fjárfestingar (A-hluta)
5. Skuldir og skuldbindingar (A-hluta)
6. Skuldir og skuldbindingar (A og B-hluta)
7. Íbúar
8. Ungt fólk (15-49 ára)

Síðan voru frávikskennitölurnar dregnar saman í heildareinkunn sem er í rauninni raðtölueinkunn. Hver frávikskennitala var reiknuð þannig að kennitala var reiknuð fyrir hvern þátt. Síðan var fundið meðaltal sömu kennitalna fyrir viðmiðunarsveitarfélög viðkomandi sveitarfélags. Að síðustu var frávikskennitalan reiknuð þannig að kennitala viðmiðunarsveitarfélaga viðkomandi sveitarfélags var dregin frá kennitölu sveitarfélagsins. Útreikningana má setja fram með hjálp algebru á eftirfarandi hátt:

$$f_{in} = \frac{l_n - \left(\sum_{i=1}^{4} v_{in}\right)/4}{\left|\left(\sum_{i=1}^{4} v_{in}\right)/4\right|}$$

Þar sem frávikskennitalan, $f_{in}$, fyrir sveitarfélag, $n$, er jöfn kennitölu sveitarfélags, $l$, að frádregnu meðaltali viðmiðunarsveitarfélaganna viðkomandi sveitarfélaga,$(\sum_{i=1}^{4} v_{in})/4$. Í jöfnunni er gert ráð fyrir að viðmiðunarsveitarfélögin séu fjögur en það getur verið breytilegt og tekur jafnan þá viðkomandi breytingum.[1] Svo var gerð önnur samskonar frávikstala fyrir fjögurra ára tímabil og hana má setja fram með eftirfarandi hætti:

$$\bar{f}_{tin} = \left(\frac{\sum_{t=1}^{4} \bar{l}_{tn}}{4} - \frac{\sum_{t=1}^{4}\sum_{i=1}^{4} \bar{v}_{tin}}{8}\right) \Big/ \left|\frac{\sum_{t=1}^{4}\sum_{i=1}^{4} \bar{v}_{tin}}{8}\right|$$

Þar sem frávikskennitalan, $\bar{f}_{tin}$, fyrir sveitarfélag, $n$, er jöfn fjögurra ára meðaltali kennitölu viðkomandi sveitarfélags að frádregnu tilsvarandi meðaltali viðmiðunarsveitarfélaganna.

[1] Þetta var almenna reglan en gerð var ein breyting á frávikskennitölunni fyrir þættina íbúa (nr. 7) og ungt fólk (nr. 8) þar sem reiknað var einfalt frávik þannig á þennan hátt: $f_{in} = l_n - \left(\left(\sum_{i=1}^{4} v_{in}\right)/4\right)$. Það var vegna þess að hlutfallstölurnar gátu verið mjög lágar og prósentutalan því mjög há í stöku tilfellum og því frekar villandi.

Gögnin fyrir fyrstu 6 þættina voru sótt í Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga í töflu 11a (*Árbók sveitarfélaga 2015*, 2015) og tilsvarandi töflur. Tölur fyrir þætti 7 og 8 eru sóttir í íbúatölur á heimasíðu Hagstofu Íslands (2018).

Fyrstu sex kennitölurnar voru reiknaðar sem hlutfall af tekjum viðkomandi sveitarfélags. Kennitölur íbúa og ungs fólk voru hins vegar reiknaðar sem hlutfallsleg breyting á milli ára. Síðan var kennitölunum gefin raðtala meðal allra sveitarfélaganna 74 á Íslandi. Há raðtala þýðir góð einkunn og þar með var einkunnin 74 sú hæsta sem völ var á fyrir hvert einstakt sveitarfélag. Þegar einkunnin var gefin fyrir þættina alla til að bera saman sveitarfélög innbyrðis þá reiknuðust kennitölur skatttekna, veltufjár frá rekstri, fjárfestinga íbúa og ungs fólks með háa einkunn ef þær voru hærri en önnur sveitarfélög. Hins vegar reiknuðust kennitölur launa og skulda og skuldbindinga (A-hluta) og skulda og skuldbindinga (A og B-hluta) með háa einkunn ef þær voru lægri en önnur sveitarfélög.

Með þessu er því verið að gefa í skyn að fjárhagsþol sveitarfélags sé meira ef fólki fjölgar og þá sérstaklega ungu fólki en það er vegna þess að ungt fólk er öflugasti aldurshópurinn og leggur grunn að fjárhagsþoli sveitarfélags til framtíðar: Hann er vinnusamastur, með bestu heilsuna og leggur grunn að framtíð samfélagsins með barneignum og fjárfestingum í húsnæði og innanstokksmunum. Auk þess er yngra fólk með meiri formlega menntun en þeir sem eldri eru. Þá er það líka talinn kostur að sveitarfélag geti séð sér farborða með skatttekjum sínum – þannig að sem mest af tekjum sveitarfélagsins sé sem minnst háð jöfnunarsjóði og þjónustugjöldum. Það bendi m.a. til að atvinnutekjur heimilianna á staðnum séu miklar. Einnig er kostur ef veltufé frá rekstri er í meira lagi. Það bendir til að staðið sé vel að rekstri sveitarfélagsins. Auk þess er kostur að sveitarfélög séu að fjárfesta en það leggur grunn að betri þjónustu í sveitarfélaginu til framtíðar.

Hins vegar ef laun eru mjög há sem hlutfall af tekjum getur það bent til að sveitarfélagið sé ekki nógu vel rekið ef það þarf mjög marga til að reka sveitarfélagið í samanburði við önnur sveitarfélög eða ef að óheppilegt launaskrið hefur átt sér stað meðal starfsmanna sveitarfélagsins. Þá er það yfirleitt talið grafa undan rekstri sveitarfélaga ef þau skulda mikið því þá fer hlutfallslega mikið meira af tekjum þess til að greiða vaxtakostnað og um langt árabil og sem skerðir möguleika þess til að halda uppi þjónustu á ýmsum sviðum.

**Tafla 1: Viðmiðunarsveitarfélög 2021 vegna kostnaðar.**
Upplýsingar SSV.

| Liður | Viðmiðunarsveitarfélög |
|---|---|
| **Akranes** | Fjarðabyggð, Mosfellsbær, Sveitarfélagið Árborg og Vestmannaeyjabær. |
| **Borgarbyggð** | Ísafjarðarbær, Norðurþing og Sveitarfélagið Skagafjörður. |
| **Dalabyggð** | Flóahreppur, Hörgársveit, Mýrdalshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Þingeyjarsveit. |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | Borgarfjarðarhreppur, Kaldrananeshreppur, Skagabyggð og Súðavíkurhreppur. |
| **Grundarfjarðarbær** | Blönduósbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur. |
| **Hvalfjarðarsveit** | Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Langanesbyggð, Skaftárhreppur og Sveitarfélagið Skagaströnd. |
| **Skorradalshreppur** | Engin. |
| **Snæfellsbær** | Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og Sveitarfélagið Ölfus. |
| **Stykkishólmsbær** | Bolungarvíkurkaupstaður, Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vesturbyggð. |
| **Helgafellssveit** | Árneshreppur, Fljótsdalshreppur, Svalbarðshreppur og Tjörneshreppur. |

Í flestum tilvikum hefur hvert sveitarfélag einstakan hóp viðmiðunarsveitarfélaga sem finna á í næstu töflu (Tafla 1).

Viðmiðunarsveitarfélögin þurftu að vera sem líkust viðkomandi sveitarfélögum. Erfitt er að finna slík ef horft er til margra þátta samtímis en einkum var horft til íbúafjölda, uppbyggingar atvinnulífs og fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og/eða Eyjafjarðarsvæðinu. Ljóst má þykja að ekki hefur alltaf tekist vel til í vali á viðmiðunarsveitarfélögum en þó er betra að hafa nokkur saman en mjög fá eða engin. Þessi listi yfir viðmiðunarsveitarfélög var sendur framkvæmdarstjórum viðkomandi sveitarfélaga en fáar athugasemdir voru gerða og var tekið tillit til þeirra allra.

# 3 Fjárhagur sveitarfélaga

## 3.1 Kostnaður eftir málaflokkum gagnvart samanburðarsveitarfélögum




**Mynd 3: Kostnaðarfrávik Akraneskaupstaðar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 4: Kostnaðarfrávik Hvalfjarðarsveitar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 5: Kostnaðarfrávik Borgarbyggðar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 6: Kostnaðarfrávik Eyja- og Miklaholtshrepps eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 7: Kostnaðarfrávik Grundarfjarðarbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 8: Kostnaðarfrávik Helgafellssveitar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 9: Kostnaðarfrávik Stykkishólmsbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 10: Kostnaðarfrávik Snæfellsbæjar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)




**Mynd 11: Kostnaðarfrávik Dalabyggðar eftir málaflokkum 2015-2020.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi. (Karlsson, 2021)

## 3.2 Lykil-afkomuþættir sveitarfélaga gagnvart samanburðarsveitarfélögum




**Mynd 12: Nokkrir lykil-afkomuþættir Akranesbæjar 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)




**Mynd 13: Nokkrir lykil-afkomuþættir Hvalfjarðarsveitar 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)




**Mynd 14: Nokkrir lykil-afkomuþættir Borgarbyggðar 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)




**Mynd 15: Nokkrir lykil-afkomuþættir Eyja- og Miklaholtshreppi 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)




**Mynd 16: Nokkrir lykil-afkomuþættir Grundarfjarðarbæjar 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)




**Mynd 17: Nokkrir lykil-afkomuþættir Stykkishólmsbæjar 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)




**Mynd 18: Nokkrir lykil-afkomuþættir Snæfellsbæjar 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)




**Mynd 19: Nokkrir lykil-afkomuþættir Dalabyggðar 2014-2017 gagnvart viðmiðunarsveitarfélögum sínum.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017. (Karlsson, 2018)

## 3.3 Þróun Lykil-afkomuþátta sveitarfélaga




**Mynd 20: Heildareinkunn á Suð-Vesturlandi 2014-2017.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017.




**Mynd 21: Heildareinkunn á Norð-Vesturlandi 2014-2017.**
Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi og Hagstofu Íslands. Til grundvallar var kostnaður í krónum á íbúa á verðlagi 2017.

## 3.4 Veltufé frá rekstri meðal sveitarfélaga á Vesturlandi




**Mynd 22: Veltufé frá rekstri 2017.**
Talan við súlur tilgreinir hvar í röðinni sveitarfélag er í samanburði við 73 önnur. Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

## 3.5 Skuldir og skuldbindingar A-hluta sveitarfélaga á Vesturlandi




**Mynd 23: Skuldir og skuldbindingar 2017.**
Talan við súlur tilgreinir hvar í röðinni sveitarfélag er í samanburði við 73 önnur. Unnið upp úr gögnum Sambands sveitarfélaga á Íslandi.

# 4 Lýðfræði

## 4.1 Mannfjöldi




**Mynd 24: Íbúafjöldi 1971-2024.**
Tölur frá 1. desember ár hvert fram til 1998 en 1. Janúar eftir það. Tölur Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar.

x




**Mynd 25: Íbúafjöldi 1971-2024 – vísitala þar sem 1971 er grunnár.**
Prósentutölurnar eru hlutfallsleg breyting á milli áranna 2017 og 2018. Tölurnar eru frá 1. desember ár hvert fram til 1998 en 1. janúar eftir það. Byggt á tölum Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar.




**Mynd 26: Íbúafjöldi á Suð-Vesturlandi 1971-2024.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár eftir 1998 en 1. desember annars. Tölur Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar.




**Mynd 27: Íbúafjöldi á Norð-Vesturlandi 1998-2024.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár eftir 1998 en 1. desember annars. Tölur Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar.

## 4.2 Meðalaldur




**Mynd 28: Meðalaldur á Suð-Vesturlandi 1998-2024.**
Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 29: Meðalaldur á Norð-Vesturlandi 1998-2024.**
Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 30: Meðalaldur 1990-2024.**
Tölur frá 1. desember ár hvert fram til 1998 en 1. janúar eftir það. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 31: Meðalaldur (lóðrétti ásinn), fjarlægð frá Reykjavík (lárétti ásinn) og fjöldi íbúa (bóla) árið 2009.**
Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

## 4.3 Unga fólkið




**Mynd 32: Hlutfall ungs fólks (20-40 ára) af heildaríbúafjölda einstakra svæða á Vesturlandi 1998-2024.**
Byggt á tölum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.

## 4.4 Börn




**Mynd 33: Hlutfall barna (0-17 ára) af heildaríbúafjölda einstakra svæða á Vesturlandi 1998-2024.**
Byggt á tölum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.

## 4.5 Eldri borgarar




**Mynd 34: Hlutfall eldri borgara (67 ára og eldri) af heildaríbúafjölda einstakra svæða á Vesturlandi 1998-2024.**
Byggt á tölum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 35: Hlutfall yngri eldri borgara (67-80 ára) af heildaríbúafjölda einstakra svæða á Vesturlandi 1998-2024.**
Byggt á tölum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 36: Hlutfall eldri borgara (67 ára og eldri) af heildaríbúafjölda einstakra svæða á Vesturlandi 1998-2024.**
Byggt á tölum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.

## 4.6 Aldursdreifing – aldurstré




**Mynd 37: Aldurstré á Akranesi. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 38: Aldurstré í Borgarbyggð. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 39: Aldurstré í Dalabyggð. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 40: Aldurstré í Eyja- og Miklaholtshreppi. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 41: Aldurstré í Grundarfjarðarbæ. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 42: Aldurstré í Helgafellssveit. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 43: Aldurstré í Hvalfjarðarsveit. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 44: Aldurstré í Skorradalshreppi. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 45: Aldurstré í Snæfellsbæ. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.




**Mynd 46: Aldurstré í Stykkishólmsbæ. Árið 2017 í samanburði við 2000 og landið allt.**
Árið 2017 er bláskyggt en árið 2000 og landið allt gegnsætt á bakvið. Heimild Hagstofa Íslands.

## 4.7 Kynjahlutfall




**Mynd 47: Kynjahlutfall á Vesturlandi 1981-2018.**
Kynjahlutfall er fjöldi kvenna deilt með fjölda karla. Byggt á tölum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 48: Kynjahlutfall á Vesturlandi í samanburði við landið allt 1981-2018.**
Kynjahlutfall er fjöldi kvenna deilt með fjölda karla. Byggt á tölum Hagstofu Íslands




**Mynd 49: Kynjahlutfall 2004 og leitni árin 1994-2004.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands




**Mynd 50: Kynjahlutfall (lóðrétti ásinn), fjarlægð frá Reykjavík (lárétti ásinn) og fjöldi íbúa (bóla).**
Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

## 4.8 Innflytjendur




**Mynd 51: Innflytjendur 1996-2021.**
Tölur miðast við 1. janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 52: Innflytjendur á Suð-Vesturlandi 1996-2021.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 53: Innflytjendur á Norð-Vesturlandi 1996-2021.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 54: Innflytjendahlutfall á Vesturlandi 1996-2017.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 55: Innflytjendahlutfall á Suð-Vesturlandi 1996-2017.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 56: Innflytjendahlutfall á Norð-Vesturlandi 1996-2017.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 57: Grunnskólabörn (6-16 ára) á Vesturlandi með erlent ríkisfang 1998-2021.**
Tölur miðast við 1. janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands




**Mynd 58: Grunnskólabörn (6-16 ára) á Suð-Vesturlandi með erlent ríkisfang 1998-2021.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 59: Grunnskólabörn (6-16 ára) á Norð-Vesturlandi með erlent ríkisfang 1998-2021.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 60: Nýbúahlutfall (lóðrétti ásinn), fjarlægð frá Reykjavík (lárétti ásinn) og fjöldi íbúa (bóla).**
Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.




**Mynd 61: Nýbúahlutfall á Vesturlandi árið 2005 og leitni árin 2000-2005.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands

## 4.9 Þjóðerni




**Mynd 62: Tíu fjölmennustu þjóðerni erlendra á Vesturlandi 2015 í samanburði við landið allt.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands




**Mynd 63: Tíu fjölmennustu þjóðerni erlendra innan Vesturlands 2015.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands




**Mynd 64: Fjöldi þjóðerna á Suð-Vesturlandi 1998-2021.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 65: Fjöldi þjóðerna á Norð-Vesturlandi 1998-2021.**
Tölur miðast við 1. Janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.

# 5 Búferlaflutninga




**Mynd 66: Íbúaþróun 1998-2007 (lóðrétti ásinn), fjarlægð frá Reykjavík (lárétti ásinn) og fjöldi íbúa (bóla).**
Mannfjöldaþróun er hlutfallsleg breyting á viðkomandi tímabili. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.




**Mynd 67: Búferlaflutningar 2000-2007 (lóðrétti ásinn), fjarlægð frá Reykjavík (lárétti ásinn) og fjöldi íbúa (bóla).**
Búferlaflutningar er hlutfallsleg breyting á viðkomandi tímabili á milli byggðakjarna. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

## 5.1 Flutningsjöfnuður Vesturlands




**Mynd 68: Flutningsjöfnuður Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi 1986-2020.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 69: Hreinn flutningsjöfnuður sveitarfélaga á Suð-Vesturlandi gagnvart öllum svæðum 1986-2020.**
Tölur miðast við 1. janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 70: Hreinn flutningsjöfnuður sveitarfélaga á Suð-Vesturlandi gagnvart öllum svæðum 1986-2020.**
Tölur miðast við 1. janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 71: Hreinn flutningsjöfnuður sveitarfélaga á Suð-Vesturlandi gagnvart öllum svæðum 1986-2020.**
Tölur miðast við 1. janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 72: Hreinn flutningsjöfnuður sveitarfélaga á Suð-Vesturlandi gagnvart öllum svæðum 1986-2020.**
Tölur miðast við 1. janúar hvert ár. Byggt á tölum Hagstofu Íslands.




**Mynd 73: Flutningsjöfnuður Vesturlands gagnvart höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi 1986-2017.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 74: Flutningsjöfnuður Vesturlands gagnvart Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi 1986-2017.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 75: Flutningsjöfnuður höfuðborgarsvæðisins gagnvart Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi 1986-2020.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 76: Flutningsjöfnuður Suðurnesja, S-Vesturlands og V-Suðurlands gagnvart höfuðborgarsvæðinu 1986-2017.**
Unnið upp úr gögnum Hagstofu Íslands.

## 5.2 Flutningsjöfnuður sveitarfélaga á Vesturlandi




**Mynd 77: Flutningsjöfnuður Vesturlands gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur (Karlsson, 2022)




**Mynd 78: Flutningsjöfnuður Akraneskaupstaðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur (Karlsson, 2022)




**Mynd 79: Flutningsjöfnuður Skorradalshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur (Karlsson, 2022)




**Mynd 80: Flutningsjöfnuður Hvalfjarðarsveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur (Karlsson, 2022)




**Mynd 81: Flutningsjöfnuður Borgarbyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur (Karlsson, 2022)







**Mynd 82: Flutningsjöfnuður Eyja- og Miklaholtshrepps gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur (Karlsson, 2022)







**Mynd 83: Flutningsjöfnuður Grundarfjarðarbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur. (Karlsson, 2022)







**Mynd 84: Flutningsjöfnuður Helgafellssveitar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.(Karlsson, 2022)







**Mynd 85: Flutningsjöfnuður Stykkishólmsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.(Karlsson, 2022)




**Mynd 86: Flutningsjöfnuður Snæfellsbæjar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.(Karlsson, 2022)




**Mynd 87: Flutningsjöfnuður Dalabyggðar gagnvart völdum sveitarfélögum og útlöndum.**
Gögn Hagstofu Íslands. Hér voru valin þau fimm sveitarfélög þar sem flutningsjöfnuður var hagstæðastur og óhagstæðastur.(Karlsson, 2022)

# 6 Fasteignamarkaður

## 6.1 Íbúðaverð, fjölbýli




**Mynd 88: Fermetraverð íbúða í fjölbýli á Akranesi og í Borgarnesi1982-2020 á verðlagi okt 2021.**
Gögn Þjóðskrár. Nýbyggingar ekki inni í tölunum. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 89: Fermetraverð íbúða í fjölbýli í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi 1986-2020 á verðlagi okt 2021.**
Gögn Þjóðskrár. Nýbyggingar ekki inni í tölunum. Unnið af Vífli Karlssyni.

## 6.2 Íbúðaverð, sérbýli




**Mynd 90: Fermetraverð íbúða í sérbýli á Akranesi og í Borgarnesi 1982-2020 á verðlagi okt 2021.**
Gögn Þjóðskrár. Nýbyggingar ekki inni í tölunum. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 91: Fermetraverð íbúða í sérbýli í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi 1982-2020 á verðlagi okt 2021.**
Gögn Þjóðskrár. Nýbyggingar ekki inni í tölunum. Unnið af Vífli Karlssyni.

## 6.3 Fjöldi seldra íbúða, sérbýli og fjölbýli




**Mynd 92: Fjöldi seldra íbúða á Akranesi og í Borgarnesi 1982-2021.**
Gögn Þjóðskrár. Allar íbúðir taldar. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 93: Fjöldi seldra íbúða í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi 1982-2017.**
Gögn Þjóðskrár. Allar íbúðir taldar. Unnið af Vífli Karlssyni.

# 7 Vinnumarkaður

## 7.1 Atvinnutekjur




**Mynd 94: Atvinnutekjur (lóðrétti ásinn), fjarlægð frá Reykjavík (lárétti ásinn) og fjöldi íbúa (bóla).**
Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

## 7.2 Ríkisstörf

**Tafla 2: Ríkisstarfahalli landshlutanna með störfum opinberra stofnanna 2018.**
Gögn Byggðastofnunar og útreikningar höfundar. (Karlsson, 2019)

| Landsvæði | Dálkur A Skipting íbúanna | Dálkur B Fjöldi ríkisstarfa | Dálkur C Skipting ríkisstarfa | Dálkur D Ríkisstörf ef jafnvægi | Dálkur E Ríkisstarfa-halli, (*B-D*) | Dálkur F Ríkisstarfa-halli % (*B-D*) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 63,93% | 17.509 | 70,9% | 15.783 | -1.725 | -9,9% |
| Vesturland | 4,62% | 821 | 3,3% | 1.142 | 320 | 39,0% |
| Vestfirðir | 1,98% | 454 | 1,8% | 488 | 35 | 7,7% |
| Norðurland vestra | 2,02% | 485 | 2,0% | 500 | 15 | 3,1% |
| Norðurland eystra | 8,53% | 1.948 | 7,9% | 2.105 | 157 | 8,1% |
| Austurland | 2,99% | 557 | 2,3% | 738 | 181 | 32,5% |
| Suðurland | 8,33% | 1.474 | 6,0% | 2.056 | 582 | 39,5% |
| Suðurnes | 7,59% | 1.439 | 5,8% | 1.875 | 436 | 30,3% |

**Tafla 3: Ríkisstarfahalli sveitarfélaganna ásamt opinberum stofnunum 2018.**
Gögn Byggðastofnunar og útreikningar höfundar. (Karlsson, 2019)

| Sveitarfélag | A Skipting íbúanna yfir landið | B Fjöldi ríkis-starfa | C Skipting ríkis-starfa yfir landið | D Ríkis-störf ef jafn-vægi | E Ríkis-starfa-halli, (*B-D*) | F Ríkis-starfa-halli %, (*E/B*) | G Sætis-röð á lands-vísu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dalabyggð | 0,19% | 47,648 | 0,2% | 47 | -1 | -2,3% | 11 |
| Stykkishólmsbær | 0,34% | 83,63 | 0,3% | 83 | -1 | -0,7% | 12 |
| Skorradalshreppur | 0,02% | 4 | 0,0% | 4 | 0 | 0,3% | 13 |
| Borgarbyggð | 1,07% | 216,59 | 0,9% | 263 | 47 | 21,6% | 22 |
| Grundarfjarðarbær | 0,24% | 48,29 | 0,2% | 60 | 12 | 24,0% | 23 |
| Akranes | 2,08% | 377,69 | 1,5% | 513 | 135 | 35,7% | 27 |
| Snæfellsbær | 0,47% | 42,31 | 0,2% | 116 | 73 | 173,6% | 39 |
| Hvalfjarðarsveit | 0,18% | 1 | 0,0% | 44 | 43 | 4.312,0% | 60 |
| Eyja- og Miklaholtshr | 0,03% | 0 | 0,0% | 8 | 8 | | 65 |
| Helgafellssveit | 0,02% | 0 | 0,0% | 4 | 4 | | 67 |

## 7.4 Atvinnuleysi




**Mynd 95: Atvinnuleysi 2000-2022.**
Byggt á tölum Vinnumálastofnunar.




**Mynd 96: Atvinnuleysi á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit 2000-2017.**
Gögn Vinnumálastofnunar. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 97: Atvinnuleysi í Borgarbyggð og Skorradalshreppi 2000-2017.**
Gögn Vinnumálastofnunar. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 98: Atvinnuleysi í Grundarfjarðar-, Snæfells-, og Stykkishólmsbæ 2000-2017.**
Gögn Vinnumálastofnunar. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 99: Atvinnuleysi í Dalabyggð, Helgafellssveit og Eyja- og Miklaholtshreppi 2000-2017.**
Gögn Vinnumálastofnunar. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 100: Atvinnuleysi sem hlutfall af íbúum á aldrinum 16-74 ára (lóðrétti ásinn), fjarlægð frá Reykjavík (lárétti ásinn) og fjöldi íbúa (bóla).**
Byggt á gögnum Vinnumálastofnun.

### 7.4.1 Atvinnuleysi innflytjenda




**Mynd 101: Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara á Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi 2019-2021.**
Gögn Vinnumálastofnunar. Fjöldi í lok mánaðar.




**Mynd 102: Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi 2019-2021.**
Gögn Vinnumálastofnunar. Fjöldi í lok mánaðar.

## 7.5 Menntun




**Mynd 103: Hlutfall þeirra sem lokið hafa prófgráðu frá viðkomandi námsstigi 2016.**
Unnið upp úr Íbúakönnunum SSV




**Mynd 104: Hlutfall þeirra íbúa sem eingöngu er með grunnskólapróf.**
Unnið upp úr Íbúakönnunum SSV




**Mynd 105: Hlutfall þeirra íbúa sem hafa lokið prófi í iðngrein.**
Unnið upp úr Íbúakönnunum SSV




**Mynd 106: Hlutfall þeirra íbúa sem hafa lokið háskólaprófi.**
Unnið upp úr Íbúakönnunum SSV

# 8 Búsetuskilyrði almennt




**Mynd 107: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi 2016.**
Gögn Íbúakönnunar Vesturlands 2016. Hér er um meðaleinkunn að ræða á bilinu 1-5.
Þeim mun hærri sem hún er þeim mun betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

# 9 Atvinnulíf




**Mynd 108: Vægi atvinnugreina á Akranessvæði haustið 2016.**
Byggt á gögnum Íbúakönnunar SSV og út frá störfum íbúanna óháð á hvaða landsvæðum/sveitarfélögum þau eru unnin.




**Mynd 109: Vægi atvinnugreina á Borgarfjarðarsvæði haustið 2016.**
Byggt á gögnum Íbúakönnunar SSV og út frá störfum íbúanna óháð á hvaða landsvæðum/sveitarfélögum þau eru unnin.




**Mynd 110: Vægi atvinnugreina á Snæfellsnesi haustið 2016.**
Byggt á gögnum Íbúakönnunar SSV og út frá störfum íbúanna óháð á hvaða landsvæðum/sveitarfélögum þau eru unnin.




**Mynd 111: Vægi atvinnugreina í Dölunum haustið 2016.**
Byggt á gögnum Íbúakönnunar SSV og út frá störfum íbúanna óháð á hvaða landsvæðum/sveitarfélögum þau eru unnin.




**Mynd 112: Vægi atvinnugreina á Vesturlandi haustið 2016.**
Byggt á gögnum Íbúakönnunar SSV og út frá störfum íbúanna óháð á hvaða landsvæðum/sveitarfélögum þau eru unnin.




**Mynd 113: Uppruni útsvarstekna Grundarfjarðarbæjar eftir atvinnugreinum.**
Unnið upp úr gögnum RSK. Landbúnaður er vanáætlaður í þessum tölum (í raun ekki með) en vægi hans samt mjög lítið.




**Mynd 114: Uppruni útsvarstekna Stykkishólmsbæjar eftir atvinnugreinum.**
Unnið upp úr gögnum RSK. Landbúnaður er vanáætlaður í þessum tölum (í raun ekki með) en vægi hans samt mjög lítið.

## 9.1 Sjávarútvegur




**Mynd 115: Veiði - Afli og verðmæti afla eftir kvótaflokkum skipa og heimahöfnum þeirra 1992-2017.**
Tölur Hagstofu Íslands




**Mynd 116: Veiði botnfiskafla - Afli og verðmæti eftir kvótaflokkum skipa og heimahöfnum þeirra 1992-2017.**
Tölur Hagstofu Íslands




**Mynd 117: Landanir - Afli eftir verkunarstöðum og fisktegundum 1992-2016.**
Tölur Hagstofu Íslands




**Mynd 118: Landanir - Botnfiskafli eftir verkunarstöðum og fisktegundum 1982-2017.**
Tölur Hagstofu Íslands




**Mynd 119: Vinnslan – Afli eftir tegund vinnslu, fisktegundum og verkunarstöðum 1992-2017.**
Tölur Hagstofu Íslands




**Mynd 120: Vinnslan - Botnfiskafli eftir tegund vinnslu, fisktegundum og verkunarstöðum 1992-2017.**
Tölur Hagstofu Íslands

**Tafla 4: Ýmis atvinnustarfsemi sem styður við fiskverkun árið 2005.**

| | Akranes | Stykkishólmur | Grundar-fjörður | Snæfellsbær |
|---|---|---|---|---|
| Fiskmarkaður | x | x | x | x |
| Ísverksmiðja | x | | x | x |
| Löndunarþjónusta | x | | x | x |
| Slægingarþjónusta | | | x | x |
| Flutningafyrirtæki | x | x | x | x |
| Beinabræðsla | x | | | |
| Fiskréttaverksmiðja | | x | | x |
| Höfn | x | x | x | x |
| Útflutningshöfn | x | | x | |
| Frystihótel | | | x | |
| Fiskeldi | | | x | |
| Hvalaskoðun | | x | | x |
| Safn | | | | x |
| Fiskréttarmatsölustaður | | | | |
| Vélsmiðjur | x | x | x | x |
| Skipasmíðastöð og viðgerðir | x | x | | |
| Bátasmiðja | x | | | x |
| Fiskleitartækjaþjónusta | | | x | |
| Vinnsla aukaafurða | x | | | x |
| Fjöldi fylltra reita | 11 | 7 | 11 | 12 |

## 9.2 Landbúnaður




**Mynd 121: Mjólkurframleiðsla árin 1989-2007.**
Tölur Bændasamtaka Íslands




**Mynd 122: Dilkakjötsframleiðsla árin 1996-2008.**
Tölur Bændasamtaka Íslands

## 9.3 Ferðaþjónusta

**Tafla 9.5: Fjöldi fyrirtækja í afþreyingu í Borgarfirði og Dölum 2005.**

| | Akranessvæði | Borgarfjarðarsv. | Snæfellsnes | Dalir |
|---|---|---|---|---|
| Hótel | 0 | 0 | | 0 |
| Gistiheimili | 0 | 0 | | 0 |
| Bændagisting/Heimagisting | 1 | 15 | | 10 |
| Tjaldstæði | 0 | 0 | | 0 |
| Úrval | 5 | 5 | | 4 |
| Fjöldi afgreiðslustaða | 5 | 35 | | 13 |
| Staðalfrávik | 0,5 | 5,3 | | 3,2 |

**Tafla 9.6: Fjöldi fyrirtækja í afþreyingu í Borgarfirði og Dölum 2005.**

| Afþreyingarmöguleikar | Akranessvæði | Borgarfjarðarsv. | Snæfellsnes | Dalir |
|---|---|---|---|---|
| - Kajakleigur | 0 | 0 | | 0 |
| - Bátaleigur | 0 | 0 | | 0 |
| - Stangveiði í ám og vötnum* | 1 | 15 | | 10 |
| - Sjóstangveiði | 0 | 0 | | 0 |
| - Byggðasafn | 1 | 0 | | 1 |
| - Önnur söfn | 1 | 2 | | 1 |
| - Sundlaugar | 1 | 5 | | 1 |
| - Golf | 1 | 3 | | 0 |
| - Hestaleigur | 0 | 10 | | 0 |
| Úrval | 5 | 5 | | 4 |
| Fjöldi afgreiðslustaða | 5 | 35 | | 13 |
| Staðalfrávik | 0,5 | 5,3 | | 3,2 |

**Tafla 9.7: Atvinnugreinar sem styðja ferðaþjónustu á Vesturlandi.**

| Stuðningsgreinar | Akranessvæði | Borgarfjarðarsv. | Snæfellsnes | Dalir |
|---|---|---|---|---|
| - Leigubílar | | 1 | 0 | 0 |
| - Bílaleigur | | 3 | 0 | 0 |
| - Hópferðabílar | | 1 | 7 | 1 |
| - Leiguflug/útsýnisflug | | 0 | 1 | 0 |
| - Reiðhjólaleigur | | 0 | 0 | 0 |
| - Mótorhjólaleigur | | 0 | 0 | 0 |
| - Heilsuefling | | 0 | 0 | 0 |
| - Matvöruverslanir | | 2 | 3 | 2 |
| - Matsölustaðir (+hótelmatsala) | | 3 | 5 | 3 |
| - Krár | | 2 | 0 | 1 |
| - Bankar | | 2 | 1 | 1 |
| - Bensínstöðvar/smábúð | | 3 | 5 | 2 |
| - Handverkshús | | 1 | 7 | 1 |
| - Sérvöruverslanir | | 8 | 0 | 1 |
| - ÁTVR | | 1 | 0 | 1 |
| - Kvikmyndahús | | 0 | 0 | 0 |
| - Gallerí | | 1 | 1 | 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| - Bifreiðaverkstæði/þjónusta | 8 | 5 | 2 |
| Úrval | 13 | 9 | 11 |
| Fjöldi afgreiðslustaða | 36 | 35 | 16 |
| Staðalfrávik | 2,5 | 2,7 | 0,9 |

# 10 Samgöngur

## 10.1 Umferð og vegakerfi




**Mynd 123: Umferð að jafnaði hvern dag árin 1980-2023.**
Byggt á tölum Vegagerðarinnar




**Mynd 124: Þróun Umferðar árin 1980-2023, vísitala.**
Byggt á tölum Vegagerðarinnar




**Mynd 125: Skipting vegakerfisins á íslandi 2016 m.t.t. lengdar.**
Byggt á tölum Vegagerðarinnar




**Mynd 126: Hlutfall malarvega af vegakerfinu 2016.**
Byggt á tölum Vegagerðarinnar

## 10.2 Slysatíðni á vegum




**Mynd 127: Slysatíðni á vegum 2011-2014.**
Byggt á tölum Vegagerðarinnar

## 10.3 Vegalengdir

Tafla 8: Vegalengdir á milli byggðakjarna á Vesturlandi 2010.

| Sveitarfélag | Akranes | Hvanneyri | Kleppjárns-reykir | Melahverfi | Borgarnes | Reykholt | Bifröst | Hellissandur | Rif | Ólafsvík | Grundar-fjörður | Stykkis-hólmur | Búðardalur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 0 | | | | | | | | | | | | |
| Hvanneyri | 51 | 0 | | | | | | | | | | | |
| Kleppjárnsreykir | 70 | 19 | 0 | | | | | | | | | | |
| Melahverfi | 12 | 36 | 55 | 0 | | | | | | | | | |
| Borgarnes | 37 | 14 | 33 | 23 | 0 | | | | | | | | |
| Reykholt | 76 | 25 | 6 | 62 | 39 | 0 | | | | | | | |
| Bifröst | 69 | 46 | 65 | 55 | 32 | 31 | 0 | | | | | | |
| Hellissandur | 167 | 144 | 163 | 153 | 130 | 169 | 162 | 0 | | | | | |
| Rif | 164 | 141 | 160 | 150 | 127 | 166 | 159 | 3 | 0 | | | | |
| Ólafsvík | 158 | 135 | 154 | 144 | 121 | 160 | 153 | 9 | 6 | 0 | | | |
| Grundarfjörður | 140 | 117 | 136 | 126 | 103 | 142 | 135 | 36 | 34 | 28 | 0 | | |
| Stykkishólmur | 137 | 112 | 131 | 121 | 98 | 137 | 130 | 74 | 81 | 65 | 39 | 0 | |
| Búðardalur | 117 | 94 | 113 | 103 | 80 | 119 | 48 | 150 | 147 | 141 | 114 | 86 | 0 |

# 11 Víðfeðmi

**Tafla 9: Stærð sveitarfélaga á Vesturlandi 2009 og staða þeirra meðal sveitarfélaga á Íslandi, ásamt afstöðu gagnvart höfuðborgarsvæðinu.**

| Sveitarfélag | Km² | Km² láglendi | Númer í stærðarröð km² láglendi | Fjöldi þéttbýla | Fjarlægð til Reykjavíkur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Borgarbyggð** | 4.925 | 2.102 | 3 | 5 | 81 |
| **Dalabyggð** | 2.439 | 1.392 | 5 | 1 | 153 |
| **Snæfellsbær** | 689 | 429 | 24 | 3 | 198 |
| **Hvalfjarðarsveit** | 494 | 280 | 34 | 1 | 50 |
| **Eyja- og Miklaholtshreppur** | 378 | 256 | 35 | 0 | 124 |
| **Helgafellssveit** | 250 | 187 | 41 | 0 | 167 |
| **Grundarfjarðarbær** | 152 | 108 | 58 | 1 | 177 |
| **Skorradalshreppur** | 208 | 104 | 59 | 0 | 87 |
| **Stykkishólmsbær** | 10 | 10 | 74 | 1 | 172 |
| **Akraneskaupstaður** | 9 | 9 | 75 | 1 | 49 |
| **Vesturland** | 9.555 | 4.877 | | 13 | |

Athugið að í fjarlægð til Reykjavíkur er verið að reyna að taka tillit til þess að folk býr á ýmsum svæðum í sveitarfélögunum. Hér var horft til þéttbýliskjarna sveitarfélaganna sem stundum voru einn en stundum fleiri.

# 12 Eldra efni

## 12.1 Fjárhagur sveitarfélaga




**Mynd 128: Veltufé frá rekstri A-hluta sem hlutfall af tekjum árið 2015.**
Talan við súlur tilgreinir hvar í röðinni viðkomandi er í samanburði við 73 önnur sveitarfélög landsins. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 129: Veltufé frá rekstri A-hluta sem hlutfall af tekjum og íbúafjöldi árið 2015.**
Samanburður við sambærileg sveitarfélög að íbúastærð. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 130: Skuldir og skuldbindingar A-hluta sem hlutfall af tekjum árið 2015.**
Talan við súlur tilgreinir hvar í röðinni viðkomandi er í samanburði við 73 önnur sveitarfélög landsins. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 131: Skuldir og skuldbindingar A-hluta sem hlutfall af tekjum og íbúafjöldi árið 2015.**
Samanburður við sambærileg sveitarfélög að íbúastærð. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 132: Skatttekjur A-hluta sem hlutfall af tekjum árið 2015.**
Talan við súlur tilgreinir hvar í röðinni viðkomandi er í samanburði við 73 önnur sveitarfélög landsins. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 133: Skatttekjur A-hluta sem hlutfall af tekjum og íbúafjöldi árið 2015.**
Samanburður við sambærileg sveitarfélög að íbúastærð. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 134: Laun A-hluta sem hlutfall af tekjum árið 2015.**
Talan við súlur tilgreinir hvar í röðinni viðkomandi er í samanburði við 73 önnur sveitarfélög landsins. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 135: Laun A-hluta sem hlutfall af tekjum og íbúafjöldi árið 2015.**
Samanburður við sambærileg sveitarfélög að íbúastærð. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 136: Fjárfestingahreyfingar A-hluta sem hlutfall af tekjum árið 2015.**
Talan við súlur tilgreinir hvar í röðinni viðkomandi er í samanburði við 73 önnur sveitarfélög landsins. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.




**Mynd 137: Fjárfestingahreyfingar A-hluta sem hlutfall af tekjum og íbúafjöldi árið 2015.**
Samanburður við sambærileg sveitarfélög að íbúastærð. Gögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Unnið af Vífli Karlssyni.

# 13 Heimildaskrá


*Árbók sveitarfélaga 2015*. (2015). Retrieved from Reykjavík:

Hagstofa_Íslands. (2018). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2017 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2018. Retrieved from http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__thjodhagsreikningar__landsframl__1_landsframleidsla/THJ01000.px/

Karlsson, V. (2018). Fjármál sveitarfélaga. *Hagvísir Vesturlands, 19*(1), 1-20.

Karlsson, V. (2019). Ríkisstörf á Vesturlandi: Staðsetning þeirra vítt og breitt um landið og hlutfallslegur fjöldi á Vesturlandi og í einstökum sveitarfélögum þess. *Hagvísir Vesturlands, 19*(1), 1-35.

Karlsson, V. (2021). Fjármál sveitarfélaga: Kostnaður eftir málaflokkum. *Hagvísir Vesturlands, 21*(1), 1-49.

Karlsson, V. (2022). Búferlaflutningar á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands, 22*(1), 1-61.